



Jafnréttisstofa

Ársskýrsla Jafnréttisstofu 2016

Jafnréttisstofa – Borgum v/ Norðurslóð - 600 Akureyri

Sími: 460 6200 – Netfang: jafnretti@jafnretti.is

www.jafnretti.is

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	1
HLUTVERK OG SKIPULAG.....	4
EFTIRLIT OG RÁÐGJÖF	5
JAFNRÉTTISÁÆTLANIR	5
JAFNRÉTTISÁÆTLANIR SVEITARFÉLAGA.....	5
JAFNRÉTTISÁÆTLANIR FYRIRTÆKJA	6
JAFNRÉTTISÁÆTLANIR SKÓLA.....	6
FRAMKVÆMDAÁÆTLUN Í JAFNRÉTTISMÁLUM.....	7
UMSAGNIR UM FRUMVÖRP OG ÞINGSÁLYKTUNARTILLÖGUR	8
NEFNDIR, RÁÐ OG STJÓRNIR Á VEGUM RÁÐUNEYTANNA.....	9
ALPJÓÐASTOFNANIR	10
NEFNDIR OG VINNUHÓPAR.....	11
KYNJUÐ HAGSTJÓRN OG FJÁRLAGAGERÐ	11
JAFNRÉTTISFULLTRÚAR RÁÐUNEYTA	11
VELFERÐARVAKTIN	11
MÁLEFNI HINSEGIN FÓLKS	11
MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS.....	12
STYRKIR TIL ATVINNUMÁLA KVENNA.....	12
SAMSTARFSTEYMI VEGNA HEIMILISOFBELDIS.....	13
RÁÐSTEFNUR, MÁLÞING OG OPNIR FUNDIR.....	14
JAFNRÉTTISTORG.....	14
ALPJÓÐLEGUR BARÁTTUDAGUR KVENNA 8. MARS	15
ISTANBÚL-SAMNINGURINN.....	15
JAFNRÉTTI Í SVEITARFÉLÖGUM	16
JAFNRÉTTISLÖG Í 40 ÁR	16
LANDSFUNDUR JAFNRÉTTISNEFNDA SVEITARFÉLAGA.....	17
RÁÐSTEFNAN STUNDIN ER RUNNIN UPP – JAFNRÉTTISMÁL Í 40 ÁR	18
24. OKTÓBER - Kvinnafriðdagurinn	19
JAFNRÉTTISVIKA HÁSKÓLANNA.....	20
16 DAGA ÁTAK GEGN KYNBUNDNU OFBELDI	20
FRÆÐSLUFUNDIR OG ERINDI.....	21
JAFNRÉTTISÞING – FRÆÐSLUFUNDIR UM KYNJASAMÞÆTTINGU OG JAFNRÉTTISÁÆTLANIR	21
VINNUSTOFUR UM GERÐ JAFNRÉTTISÁÆTLANA	21
JAFNRÉTTISFRÆÐSLA FYRIR KENNARA.....	23
ERINDI Í MENNTASTOFNUNUM	23
NÁMSKEIÐ	24
STAÐA JAFNRÉTTISMÁLA OG JAFNRÉTTISLÖGGJÖFIN	24
GERÐ JAFNRÉTTISÁÆTLANA	24
KYNJASAMÞÆTTING	24
FRÆÐSLA FYRIR KENNARA OG STARFSFÓLK SKÓLA	24
VERKEFNI	25

RJÚFUM HEFÐIRNAR - FÖRUM NÝJAR LEIÐIR	25
PROMISING NORDIC PRACTICES E-TRAINING	25
JAFNRÉTTISFRÆÐSLA Í EVRÓPU	26
MÓTTAKA GESTA.....	26
VÍSINDASKÓLI BARNA.....	26
ERLENDIR GESTIR.....	26
ÚTGÁFA OG VEFSÍÐA.....	27
JAFNRÉTTISSTOFA Á NETINU	27
UNDIRSÍÐUR	27
GREINAR Á HEIMASÍÐU JAFNRÉTTISSTOFU.....	28
KONUR OG KARLAR Á ÍSLANDI 2016	28
DAGATAL 2016	29
GENDER EQUALITY IN ICELAND.....	29
NORRÆNT SAMSTARF	30
SÉRFRÆÐINGAFUNDUR FÉLAGASAMTAKA OG STOFNANA Á NORÐURLÖNDUM UM OFBELDI Í NÁNUM SAMBÖNDUM	30
SAMSTARF INNAN EVRÓPU OG Á ALÞJÓÐAVETTvangi	30
ESB / EFTA:	30

INNGANGUR

Árið 2016 var viðburðaríkt að venju hvað varðar jafnrétti kynjanna. Á árinu lagði Jafnréttisstofa mikla áherslu á innköllun jafnréttisáætlana enda eru þær mikilvægt tæki á vinnumarkaði til að ýta undir kynjajafnrétti. Samkvæmt lögum ber öllum fyrirtækjum, samtökum og stofnunum með fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli að hafa jafnréttisáætlun. Undanfarin tvö ár hefur verið kallað eftir áætlunum allra sveitarfélaga, skóla á öllum skólastigum, fjármálafyrirtækja og nú síðast allra opinberra stofnana. Einnig hefur verið kallað eftir skýrslum sveitarfélaga um stöðu og þróun jafnréttismála. Jafnframt hefur Jafnréttisstofa lagt áherslu á hvers kyns fræðslu víða um land, fundi og ráðstefnur, ráðgjöf við einstaklinga og fyrirtæki, útgáfu talnaefnis og dagatals o.fl.

Í janúar gáfu Jafnréttisstofa og Jafnréttisráð út dagatal sem helgað var 40 ára afmæli jafnréttislaganna en fyrstu jafnréttislögin voru sett árið 1976. Í febrúar bar helst til tíðinda að stofnað var félag kvenna í vísindum en rannsóknir hafa sýnt að nokkuð hallar á konur hvað varðar styrkveitingar til rannsókna o.fl.

Í mars var haldið upp á alþjóðlegan baráttudag kvenna 8. mars og var það í 105. skipti sem minnt var á réttindabaráttu kvenna um allan heim. Þennan dag var haldinn fundur á Akureyri um „Uppeldi barna í anda jafnréttis“ í samvinnu Zonta-klúbbanna í bænum og Jafnréttisstofu. Í Reykjavík var haldinn fundur undir yfirskriftinni „Öruggr í vinnunni“ þar sem fjallað var um kynbundna og kynferðislega áreitni á vinnustöðum. Rannsóknir hafa leitt í ljós að mjög mikið er um slíka áreitni ekki síst í veitingahúsageiranum og reyndar víðar. Í tengslum við fundinn var gefinn út fræðslubæklingur um kynbundna og kynferðislega áreitni sem hægt er að nálgast á netinu. Þennan dag var einnig haldinn fyrirlestur um stöðu kvenna innan Alþýðusambands Íslands en sambandið hélt upp á 100 ára afmæli sitt á árinu. Í mars gaf Jafnréttisstofa í samvinnu við Hagstofuna út bæklinginn „Konur og karlar 2016“, bæði á íslensku og ensku. Þessi bæklingur hefur verið gefinn út í níu ár, jafnan í tengslum við fund Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York.

Í apríl efndu Mannréttindaskrifstofa Íslands og Jafnréttisstofa til málþings um Istanbúl-samninginn og ýmislegt honum tengt. Istanbúl-samningurinn er samningur Evrópuráðsins um baráttu gegn ofbeldi sem konur eru beittar og heimilisofbeldi. Á málþinginu var m.a. flutt erindi um hatursorðræðu á netinu en afar erfitt er að draga netdólga fyrir dóm því síðurnar sem þeir nota eru yfirleitt vistaðar í fjarlægum löndum, t.d. Panama. Lög, t.d. hér á landi, ná ekki til fyrirtækja í öðrum löndum (nema að sérstakir samningar komi til) og því er víða til umræðu hvernig hægt er að koma lögum yfir netglæpi. Því miður hefur dregist að Ísland fullgildi Istanbúl-samninginn sem var undirritaður í maí 2011. Samningurinn verður mjög mikilvægt tæki í baráttunni við kynbundið ofbeldi.

Í apríl boðuðu Samband íslenskra sveitarfélaga og Jafnréttisstofa til málþings og námskeiðs um jafnréttismál í sveitarfélögum landsins. Tveir sérfræðingar frá Svíþjóð fjölluðu um kynjasambættingu og tóku dæmi af verkefnum sem unnin hafa verið þar í landi, t.d.

greiningum á útivistarsvæðum, tómstundastarfi, almenningsamgöngum o.fl. Mikið er til af efni um kynjasambættingu í Svíþjóð og má margt af því læra.

Í maí var komið að afmæli jafnréttislaganna en þau voru samþykkt 18. maí 1976. Þessi lög voru sett í kjölfar fyrstu kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Mexíkó 1975 en þar var skorað á ríkisstjórnir að setja slík lög. Jafnréttislögin hafa verið endurskoðuð margsinis, síðast árið 2008. Í júní var að vanda haldið upp á kvenréttindadaginn 19. júní með kvennasögugöngu á Akureyri. Að þessu sinni var gengið um Brekkuna og kom í ljós að þar var að finna margar merkilegar sögur af konum. Í Reykjavík var í fyrsta sinn tilkynnt um úthlutanir úr nýjum Jafnréttissjóði en hann fær 100 millj. kr. í fimm ár. Sjóðurinn er sannarlega góð búbót fyrir kynjarannsóknir og ýmis verkefni sem unnið er að. Jafnréttisstofa fékk þriggja milljóna króna styrk til verkefnis um kynskiptan vinnumarkað og staðalmyndir kynjanna. Í júní var haldinn fundur á Akureyri til að kynna starf stýrihóps um aðgerðir gegn ofbeldi og til að leita samráðs við heimamenn. Hópurinn vinnur að aðgerðaáætlun gegn ofbeldi á breiðum grundvelli. Síðar á árinu voru haldnir fundir á Egilsstöðum, Stykkishólmi og á Blönduósi. Á nýju ári verður haldið áfram að funda utan höfuðborgarsvæðisins. Þessir fundir sem margir aðilar hafa komið að hafa verið mjög fróðlegir og ljóst að víða þarf að taka til hendi í baráttunni við ofbeldið, ekki síst ofbeldi í nánnum samböndum og kynferðisofbeldi.

Í júní lauk verkefninu „Train the trainer in Gender Equality“ sem Jafnréttisstofa hefur tekið þátt í ásamt jafnréttisskrifstofunni í Niederösterreich (héraðið umhverfis Vínarborg) og félagasamtökum frá Króatíu og Litháen. Verkefnið gekk út á að semja nýja námskrá fyrir þá sem fræða, t.d. opinbera starfsmenn, um jafnréttismál. Því lauk með stórri ráðstefnu í St. Pölten sem er höfuðborg héraðsins Niederösterreich. Í ágúst kom svo námsskráin út á ensku og má finna hana á vef Jafnréttisstofu.

Í ágúst hófust jafnréttisnámskeið fyrir kennara. Í september samþykkti Alþingi nýja framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Í henni er að finna 21 verkefni sem snerta svið eins og stjórnáætlun, vinnumarkaðinn, kyn og lýðræði, kynbundið ofbeldi, jafnrétti í skólustarfi, karla og jafnrétti og loks alþjóðastarf. Í september tók jafnréttisstýran þátt í fundum á Krít, ásamt þeim Öldu Hrönn Jóhannsdóttur og Halldóru Gunnarsdóttur, til að fræða fólk þar um baráttu gegn ofbeldi. Þetta var afar fróðleg ferð. Grikkir eiga við mikinn vanda að stríða, bæði vegna lélegs efnahags og vegna mikils flóttamannastraums. Slíku fylgir gjarnan vaxandi ofbeldi. Um miðjan september var boðað til landsfundar sveitarfélaga um jafnréttismál á Akureyri og jafnframt var haldin afmælisráðstefna Jafnréttisstofu sem helguð var 40 ára afmæli jafnréttislaganna. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Stundin er runnin upp“ eða með öðrum orðum, það er ekki eftir neinu að bíða hvað varðar aðgerðir til að tryggja jafnrétti kynjanna. Bæði ráðstefnan og landsfundurinn voru afar vel sótt og umræður fjörugar, vekjandi og málefnalegar.

Október er að jafnaði mikill jafnréttismánuður. Boðað hafði verið til alþingiskosninga 29. október og fannst kvennahreyfingum landsins kjörið að minna rækilega á launamisréttið á kvennafrídaginn 24. október. Ný könnun VR sýndi að launamunurinn var óbreyttur 14,2% meðal þeirra félagsmanna og að það yrði ekki fyrr en 2042 sem launajafnrétti kæmist á með sama áframhaldi. Boðað var til funda um allt land og var sérlega glæsilegur útifundur í Reykjavík sem sendi skýr skilaboð til frambjóðenda til Alþingis sem og landsmanna allra. Á

Akureyri boðuðu Jafnréttisstofa og Akureyrarbær til fundar undir yfirskriftinni „Launajafnrétti strax“ og var m.a. útvarpað beint frá fundinum í hádegisfréttum RÚV. Fleiri fundir voru haldnir þennan dag og Jafnréttisráð afhenti fjölmiðlaverðlaun. Nokkrum dögum síðar barst sú frétt að enn eitt árið væri Ísland efst á lista World Economic Forum um kynjajafnrétti sem þýðir að samkvæmt mælingu þessara samtaka er kynjabilið minnst á Íslandi áttunda árið í röð.

Kosningar til Alþingis fóru fram 29. október og urðu þau tíðindi að kynjabilið minnkaði verulega á Alþingi. Konur urðu 47,6% þingmanna og hafa aldrei verið fleiri. Í byrjun nóvember opnaði Kvenréttindafélag Íslands nýja vefgátt á ensku um jafnréttismál og eru upplýsingarnar m.a. ætlaðar fjölmiðlafólki, fræðafólki og öðrum áhugasömum. Þann 25. nóvember hófst árlegt 16 daga alþjóðlegt átak Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi. Að venju stóð Jafnréttisstofa fyrir viðburðum. Þórunn Elísabet Bogadóttir flutti erindi um ábyrgð fjölmiðla þegar kemur að kynferðisbrotamálum og María Rún Kristinsdóttir kynnti þá vinnu sem fram fer í innanríkisráðuneytinu við að bæta meðferð kynferðisbrota innan réttarvörslukerfisins. Átakinu lauk á mannréttindadaginn 10. desember.

Það verður áhugavert að fylgjast með því hvaða skref verða stigin í jafnréttismálum á næstunni. Það er brýnt að við sækjum fram, höldum stöðu okkar meðal hinna skástu og nýtum þekkingu okkar til að miðla og styðja þær þjóðir sem verr búa. Þar er af nógu að taka allt frá þeim löndum Evrópu þar sem ríkisstjórnir þrengja að réttindum kvenna og minnihlutahópa, til stríðshrjáðra landa þar sem ofbeldið er yfirþyrmandi. Að lokum þakka ég starfsfólki Jafnréttisstofu fyrir vel unnin störf og samstarfsfólki okkar um land allt fyrir góðar umræður, ráðstefnur, fundi, vinnu og spjall. Í lok ársins lét Anna Hallgrímsdóttir af störfum sem rekstrarstjóri en hún hóf störf á Jafnréttisstofu árið 2000 þegar stofan tók til starfa. Við sem vinnum á Jafnréttisstofu óskum henni gæfu og gengis í framtíðinni og þökkum henni samstarfið þau ár sem við höfum verið hér. Megi árið 2017 gefa okkur öllum góðan byr og aukið jafnrétti fyrir alla.

Kristín Ástgeirsdóttir

HLUTVERK OG SKIPULAG

Jafnréttisstofa annast stjórnýslu á sviði jafnréttismála á Íslandi í samræmi við lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnréttisstofa heyrir undir yfirstjórn velferðarráðherra og tók formlega til starfa 15. september árið 2000.

Starfsfólk Jafnréttisstofu árið 2016: Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra, Anna Hallgrímsdóttir, Arnfríður Aðalsteinsdóttir, Bergljót Prastardóttir, Hugrún R. Hjaltadóttir, Ingibjörg Elíasdóttir, Jón Birkir Bergþórsson og Tryggvi Hallgrímsson.

Í samræmi við 4. grein laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hefur Jafnréttisstofa meðal annars þau verkefni með höndum að:

- hafa eftirlit með framkvæmd laganna,
- sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi,
- veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, félögum og einstaklingum ráðgjöf í tengslum við jafnrétti kynjanna,
- koma á framfæri við ráðherra, Jafnréttisráð og önnur stjórnvöld ábendingum og tillögum um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna,
- koma með tillögur að sértækum aðgerðum,
- auka virkni í jafnréttismálum, m.a. með aukinni aðild karla að jafnréttisstarfi,
- fylgjast með þróun jafnréttismála í þjóðfélaginu, m.a. með upplýsingaöflun og rannsóknum,
- veita jafnréttisnefndum, jafnréttisráðgjöfum og jafnréttisfulltrúum sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja aðstoð,
- vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi í samstarfi við önnur stjórnvöld og samtök sem sinna slíkum forvörnum sérstaklega,
- vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns á vinnumarkaði,
- leita sátta í ágreiningsmálum sem Jafnréttisstofu berast og varða ákvæði laganna,
- breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla,
- vinna önnur verkefni í samræmi við markmið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Sérstaklega er tekið fram í lögunum að opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagsamtökum sé skylt að veita Jafnréttisstofu hvers konar almennar upplýsingar sem nauðsynlegar eru starfsemi hennar.

EFTIRLIT OG RÁÐGJÖF

Jafnréttisstofa hefur eftirlit með framkvæmd laga nr. 10/2008 um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla. Stofnunin sér einnig um fræðslu og upplýsingastarfsemi og veitir stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, félögum og einstaklingum ráðgjöf í tengslum við jafnrétti kynjanna.

Töluvert er um að leitað sé til Jafnréttisstofu með ýmis mál er snerta kynjajafnrétti, flest berast erindin í gegnum síma eða með tölvupósti. Sum erindin eru lagalegs eðlis en önnur snúa að hagnýtri framkvæmd jafnréttisstarfs. Jafnréttisstofa leitast við að leysa málin ýmist með almennri ráðgjöf, ráðgjöf um réttarstöðu og/eða með því að benda á mögulegar leiðir til lausnar mála. Stofnan hefur samband við þann eða þá aðila sem hugsanlega hafa brotið gegn jafnréttislögum og óskar skýringa og upplýsinga, eftir því sem við á í hverju tilfalli. Flest mál leysast í framhaldinu. Ef þau gera það ekki og einstaklingur vill kæra mál til Kærunefndar jafnréttismála til að fá úr máli sínu skorið, þá veitir Jafnréttisstofa leiðbeiningar varðandi kærana og kæruférlað.

JAFNRÉTTISÁÆTLANIR

Jafnréttisstofa sinnir eftirlitshlutverki sínu m.a. með innköllun jafnréttisáætlana. Fyrirtæki og stofnanir sem hafa fleiri en 25 starfsmenn skulu hafa jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína, sbr. 18. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008. Jafnréttisstofa hefur eftirlit með því að fyrirtæki og stofnanir setji sér slíkar áætlanir, lögum samkvæmt. Í samræmi við hlutverk sitt veitir Jafnréttisstofa stofnunum og fyrirtækjum einnig ráðgjöf við gerð slíkra áætlana. Nokkuð var um það á árinu 2016, eins og áður, að fyrirtæki og stofnanir nýttu sér þessa aðstoð. Jafnréttisstofa heldur einnig námskeið um gerð jafnréttisáætlana ef þess er óskað. Við innköllun jafnréttisáætlana á árinu 2016 var unnið eftir verklagsreglum um eftirlit Jafnréttisstofu sem settar voru í lok ársins 2013. Tilgangur verklagsreglnanna er að tryggja að eftirlitið sé skýrt, gagnsætt og í samræmi við vandaða stjórnvöldslu. Á árinu var áherslan á jafnréttisáætlanir í framhaldsskólum og opinberum stofnunum en í desember var kallað eftir jafnréttisáætlunum frá 70 opinberum stofnunum.

JAFNRÉTTISÁÆTLANIR SVEITARFÉLAGA

Í samræmi við 12. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008 kallaði Jafnréttisstofa eftir jafnréttisáætlunum frá öllum sveitarfélögum í október 2015. Í jafnréttisáætlunum skal m.a. koma fram hvernig unnið skuli að kynjasamþættingu á öllum sviðum. Einnig þurfa sveitarfélögin að gera framkvæmdaáætlun um það hvernig leiðrétta skuli mismun á stöðu kvenna og karla innan sveitarfélagsins. Starfi fleiri en 25 manns hjá sveitarfélaginu þarf einnig að tryggja réttindi starfsfólks, sbr. 2. mgr. 18. gr., í jafnréttisáætlun.

Jafnréttisstofa fór yfir allar innsendar jafnréttisáætlanir og gerði athugasemdir við þær kom með ábendingar eftir því sem átti við. Um mánaðamótin júní/júlí var verkefninu lokið af hálfu Jafnréttisstofu, en þá var ítrekað búið að hafa samband við þau sveitarfélög sem ekki voru búin að senda inn jafnréttisáætlanir til samþykktar.

Jafnréttisstofa hafði í lok júlí 2016 tekið á móti og samþykkt jafnréttisáætlanir hjá 54 af 74 sveitarfélögum landsins. Þetta voru heimtur upp á 73%, sem telst mjög góður árangur.

Til að skoða skilin nánar var sveitarfélögunum skipt í þrjú flokka eftir stærð, sjá nánar í töflu:

Íbúafjöldi	Fjöldi	Skil	Hlutfall
50 – 999	42	25	59,5%
1.000 – 9.999	26	23	88,5%
10.000 –	6	6	100%

Það er ekki óeðlilegt að hlutfallstalan sé lægst hjá minnstu sveitarfélögunum. Þetta er stærsti flokkurinn, með 42 sveitarfélög. Í framhaldi af samskiptum við minnstu sveitarfélögin, sem bæði hafa fáa íbúa og mjög litla starfsemi, var ákveðið að skoða kröfur til þeirra sérstaklega. Í sumum þessara sveitarfélaga er t.d. aðeins starfsmaður í hálfu starfi og þjónustusamningar við nærliggjandi sveitarfélög um nánast alla þjónustu og starfsemi. Þrátt fyrir að í jafnréttislögum sé ekki gerður neinn greinarmunur á sveitarfélögum eftir stærð, þá telur Jafnréttisstofa að það verði að túlka kröfur laganna þannig að þær taki tillit til raunverulegrar stöðu.

JAFNRÉTTISÁÆTLANIR FYRIRTÆKJA

Í nóvember var kallað eftir afhendingu jafnréttisáætlana fjármálafyrirtækja, sbr. 3. mgr. 18. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Svör bárust fljótt og vel frá flest öllum þessara fyrirtækja. Undantekningarlaust brugðust fjármálafyrirtækin strax við athugasemdum og ábendingum Jafnréttisstofu og hafa 87% fyrirtækjanna skilað inn fullnægjandi gögnum og upplýsingum.

JAFNRÉTTISÁÆTLANIR SKÓLA

Skólar með fleiri en 25 starfsmenn þurfa, samkvæmt 18. gr. jafnréttislaga, að setja sér aðgerðabundna jafnréttisáætlun þar sem tilgreint er hvernig starfsmönnum eru tryggð réttindi sem kveðið er á um í 19.-22. gr. laganna. Auk þess ber skólum sem menntastofnunum að uppfylla 22. gr. og 23. gr. jafnréttislaga er snúa að nemendum. Segja má að jafnréttisáætlunin sé staðfesting á því að skólinn vinni eftir jafnréttislögum. Í aðgerðaáætluninni kemur svo fram hvernig markmiðum jafnréttisáætlunarinnar er náð, til hvaða aðgerða er gripið, hver ber ábyrgð á því að aðgerðunum sé framfylgt og innan hvaða tímaramma þeim skal lokið. Árið 2016 var kallað eftir jafnréttisáætlunum frá 34 framhaldsskólum. Sex skólar áttu eftir að skila umbeðnum gögnum um áramót.

Í 18. gr. 3. mgr. segir einnig: Fyrirtæki og stofnanir skv. 2. mgr. skulu afhenda Jafnréttisstofu afrit af jafnréttisáætlun eða starfsmannastefnu sinni ef jafnréttisáætlun er ekki fyrir hendi ásamt framkvæmdaáætlun þegar Jafnréttisstofa óskar eftir því. Enn fremur skulu fyrirtæki og stofnanir skv. 2. mgr. afhenda Jafnréttisstofu skýrslu um framgang mála þegar Jafnréttisstofa óskar eftir því innan hæfilegs frests. Í samræmi við ofangreint mun Jafnréttisstofa kalla eftir upplýsingum um stöðu og þróun jafnréttismála frá grunnskólum í upphafi árs 2017 og frá leikskólum í upphafi árs 2018.

Verklag við innköllun jafnréttisáætlana er í föstum skorðum, í samræmi við skráðar verklagsreglur Jafnréttisstofu þar um sem settar voru fyrir nokkrum árum.

FRAMKVÆMDAÁÆTLUN Í JAFNRÉTTISMÁLUM

Ráðherra jafnréttismála skal, samkvæmt 11. gr. jafnréttislaga, innan árs frá alþingiskosningum leggja fram tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára. Áætlunin byggir meðal annars á tillögum frá einstökum ráðuneytum, Jafnréttisstofu, Jafnréttisráði og umræðum jafnréttisþings. Jafnréttisstofa sinnir eftirliti með framgangi áætlunarinnar eftir því sem við á. Eftirlitið felur meðal annars í sér að jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna skila Jafnréttisstofu greinargerð um framvindu verkefna við hver áramót.

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, lagði á þessu ári fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um þingsályktun um [framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2016–2019](#). Þetta er í sjötta sinn sem slík áætlun er lögð fram en markmið hennar er að tilgreina þau verkefni sem brýnust eru talin á sviði kynjajafnréttis.

Framkvæmdaáætlunin skiptist í sjö kafla og er þar kynnt 21 verkefni sem áætlað er að framkvæma á gildistíma hennar. Er þessu fyrirkomulagi ætlað að tryggja að áherslur og forgangs röðun stjórnvalda á sviði jafnréttismála birtist með skýrum hætti í framkvæmdaáætluninni.

Í framkvæmdaáætluninni er fjallað um samþættingu jafnréttissjónarmiða við alla ákvörðunartöku og stefnumótun í stjórnkerfinu í samræmi við jafnréttislög og áherslu á kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð. Gerð er tillaga um úttekt á jafnréttislögum og stjórnsýslu jafnréttismála þar sem kannað verði hvort markmið núgildandi laga og stjórnsýslu jafnréttismála sé í samræmi við alþjóðlega þróun og breytingar í íslensku samfélagi.

Miðað er við að á gildistíma áætlunarinnar verði áfram unnið að framkvæmd og eftirfylgni þeirra verkefna sem tilgreind eru í aðgerðaáætlun um launajafnrétti kynja og árangur þeirra metinn. Lögð er áhersla á innleiðingu jafnlaunastaðalsins ÍST-85:2012 og að fram fari markvisst kynningarstarf á vottun jafnlaunakerfa samkvæmt reglugerð um vottun jafnlaunakerfa fyrirtækja og stofnana á grundvelli staðalsins. Í framkvæmdaáætluninni er í fyrsta skipti sérstakur kafli um karla og jafnrétti. Markmiðið er að auka hlut drengja og karla í öllu jafnréttisstarfi og kanna hvernig öll stefnumótun á sviði jafnréttismála geti betur tekið mið af samfélagslegri stöðu karla.

UMSAGNIR UM FRUMVÖRP OG ÞINGSÁLYKTUNARTILLÖGUR

Á hverju ári fær Jafnréttisstofa umsagnarbeiðnir frá nefndasviði Alþingis um frumvörp til laga og þingsályktunartillögur. Jafnréttisstofa veitti umsögn um eftirtalin lagafrumvörp og þingsályktanir á árinu 2016

Umsagnir um lagafrumvörp á 145. löggjafarþingi:

Umsögn um frv. til breytinga á lögum um almannatryggingar o.fl. (einföldun bótakerfis, breyttur líffeyristökualdur), 857. mál, þskj. 1624.

Umsögn um frv. til laga um námslán og námsstyrki, 794. mál, þskj. 1373.

Umsögn um frv. til laga um stuðning við kaup á fyrstu íbúð, 818. mál, þskj. 1538.

Umsögn um frv. til laga um eftirlitsnefndir Alþingis, 653. mál, þskj. 1081.

Umsögn um frv. til laga um útlendinga, 728. mál, þskj. 1180.

Umsögn um frv. til breytinga á lögum um fæðingar- og foreldraorlof (lenging orlofs og hækkun greiðslu), 261. mál, þskj. 288.

Umsögn um frv. til laga um breytingu á ákv. ýmissa laga um bann við mismunun (réttindi fatlaðs fólks), 144. mál, þskj. 144.

Umsögn um frv. til laga um lagaskrifstofu Alþingis (heildarlög), 30. mál, þskj. 30.

Umsögn um frv. til laga um 40 stunda vinnuviku, 259. mál, þskj. 248.

Umsögn um frv. til breyt. á alm.hgl. (bann við hefndarklámi), 11. mál, þskj.11.

Umsögn um frv. til laga um breyt. á alm. hgl. o.fl.(Samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi), 401. mál, þskj. 547.

Umsagnir um þingsályktunartillögur á 145. löggjafarþingi:

Umsögn um þált. um fjölskyldustefnu, 813. mál, þskj. 1502.

Umsögn um þált. um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum, 764. mál, þskj. 1284.

Umsögn um þált. um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda, 765. mál, þskj. 1285.

Umsögn um þált. um embætti umboðsmanns aldraðra, 14. mál, þskj. 14.

NEFNDIR, RÁÐ OG STJÓRNIR Á VEGUM RÁÐUNEYTANNA

Með lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla var fyrsti kynjakvótinn leiddur í lög á Íslandi. Í 15. gr. laganna segir að „við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.“ Jafnréttisstofa hefur eftirlit með framkvæmd jafnréttislaga og fær upplýsingar um skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna í árlegri greinargerð frá jafnréttisfulltrúum ráðuneytanna. Eftir lagabreytinguna 2008 er hver nefnd fyrir sig skoðuð og eru ráðuneytin beðin um að gera grein fyrir ástæðum þess ef nefndir eru ekki skipaðar í samræmi við 15. gr. jafnréttislaga. Með vísan til eftirlitshlutverks síns metur Jafnréttisstofa hvort sérhver nefnd sé skipuð í samræmi við 15. gr. laganna eða ekki. Telji Jafnréttisstofa svo ekki vera þá fær viðkomandi ráðuneyti athugasemdir og tilmæli um að færa skipan til samræmis við 15. gr.

Helstu niðurstöður ársins 2016 eru:

- Hlutfall kynjanna í öllum nefndum allra ráðuneyta er 45% konur og 55% karlar
- Í heildina voru 61% starfandi nefnda skipaðar í samræmi við 15. greinina
- Hlutfall kynjanna í nýskipuðum nefndum er 45% konur og 55% karlar
- Í heildina voru 67% nýskipaðra nefnda í samræmi við 15. greinina

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla á hlutfall kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnnum að vera sem jafnast og ekki minna en 40% þegar fulltrúar eru fleiri en þrír. Tilnefningaraðila ber að tilnefna karl og konu en heimilt er að víkja frá þeirri reglu ef slíkt er óframkvæmanlegt af hlutlægum ástæðum. Þegar á heildina er litið er lítil breyting milli ára þó eru heldur fleiri nýskipaðar nefndir sem ekki eru skipaðar samkvæmt 15. greininni. Hlutfall þeirra sem voru rétt skipaðar í fyrra voru 76%. Skýrist þetta bakslag að mestu vegna skipana í starfsgreinaráð, sveinsprófsnefndir og nemaleyfisnefndir hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti. Skýringin á þessari stöðu er því kynbundið náms- og starfsval þar sem margar af þeim stéttum sem um ræðir eru stéttir þar sem hallar verulega á annað kynið auk þess sem ákveðin lög, reglur og hefðir eru fyrir því hverjir taka sæti í nefndum sem þessum. Það skal tekið fram að vinna er hafin í ráðuneytinu við að endurskoða starfsemi þessara nefnda.



Jafnréttisstofa

Skýrsla Jafnréttisstofu um
nefndir, ráð og stjórnir á
vegum ráðuneytanna árið
2016

[Skýrsla Jafnréttisstofu um nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna árið 2016](#)

ALÞJÓÐASTOFNANIR

Ísland er aðili að alþjóðlegum samningum um jafnrétti kynjanna og fær Jafnréttisstofa reglulega fyrirspurnir frá stofnunum sem fylgja samningunum eftir. Árið 2016 fékk Jafnréttisstofa tvær fyrirspurnir um tölulegar upplýsingar frá Evrópuráðinu. Annars vegar um fjölda og kyn ráðuneytisstjóra og staðgengla þeirra og hins vegar um fjölda þingmanna og kyn þeirra og stjórnmalaflokka. Auk þess veitti Jafnréttisstofa Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins upplýsingar um stöðu kynjanna í opinberri stjórnsýslu en Framkvæmdastjórnin heldur úti gagnagrunni um þátttöku kynjanna í opinberri ákvarðanatöku.

NEFNDIR OG VINNUHÓPAR

KYNJUÐ HAGSTJÓRN OG FJÁRLAGAGERÐ

Árið 2009 skipaði fjármálaráðherra verkefnisstjórn um stefnumótun og undirbúning að kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð. Hlutverk hennar er að vinna álit og tillögur um aðgerðir til að innleiða leikreglur kynjaðrar fjárlagagerðar. Þann 19. júní 2015 samþykkti ríkisstjórn Íslands nýja fimm ára innleiðingaráætlun um kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð. Hugu R. Hjaltadóttir situr í verkefnisstjórninni fyrir hönd Jafnréttisstofu. Finna má heimasíðu verkefnisstjórnar og frekari upplýsingar á slóðinni: http://www.fjarmalaraduneyti.is/verkefni/kynjud_fjarlagagerd/

JAFNRÉTTISFULLTRÚAR RÁÐUNEYTA

Í 13. grein jafnréttislaga er kveðið á um að í hverju ráðuneyti skuli starfa jafnréttisfulltrúi sem fjallar um og hefur eftirlit með jafnréttisstarfi á málavíði viðkomandi ráðuneytis og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna eiga náð samstarf og halda mánaðarlega samráðsfundi sem Hugu R. Hjaltadóttir sækir fyrir hönd Jafnréttisstofu. Hlutverk Jafnréttisstofu í samstarfinu er að veita faglega ráðgjöf og leiðsögn auka þess að halda utan um samstarf hópsins. Á undanförunum árum hafa jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna heimsótt Jafnréttisstofu og átti síðasta heimsókn sér stað 19. apríl.

VELFERÐARVAKTIN

Eftir að Jafnréttisvaktin sem starfaði á árinu 2009 skilaði skýrslu til ráðherra var ákveðið að starfsemi hennar rynni inn í Velferðarvaktina í anda samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða. Markmiðið var að tryggja jafnréttissjónarmið í starfi Velferðarvaktarinnar. Hlutverk Velferðarvaktarinnar er að fylgjast með þróun velferðarmála í kjölfar hrunsins 2008. Tryggvi Hallgrímsson er fulltrúi Jafnréttisstofu í Velferðarvaktinni og Hugu R. Hjaltadóttir varamaður hans. Verkefni Velferðarvaktarinnar eru, samkvæmt skipunarbréfi, helst bundin málefnum fátæktar og barna.



MÁLEFNI HINSEGIN FÓLKS

Þingsályktun um skipun nefndar um málefni hinsegin fólks var samþykkt á Alþingi þann 15. janúar 2014 og var félags- og húsnæðismálaráðherra falið að skipa nefndina með þátttöku hagsmunaaðila, sérfræðinga og stjórnmalaflokka. Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögur að samþættri aðgerðaáætlun um bættu stöðu hinsegin fólks í samfélaginu og fer sú vinna nú fram innan Velferðarráðuneytisins. Starfshópurinn hefur á liðnu ári fundað reglulega og fengið til sín sérfræðinga og aðra þá sem koma að málaflokknum til að fá betri mynd af stöðu mála og mögulegum aðgerðum. Bergljót Þrastadóttir var skipuð í nefndina fyrir hönd Jafnréttisstofu. Nefndin hefur skilað af sér ýmsum tillögum að nauðsynlegum aðgerðum til að tryggja aukin réttindi hinsegin fólks til ráðuneytisins.

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS

Jafnréttisstofa á aðild að Mannréttindaskrifstofu Íslands. Skrifstofan er óháð stofnun sem vinnur að framgangi mannréttinda með því að stuðla að rannsóknum, fræðslu og efla umræðu um mannréttindi á Íslandi. Skrifstofan gegnir einnig ákveðnu eftirlitshlutverki en hún veitir umsagnir um lagafrumvörp og skilar skýrslum til eftirlitsnefnda Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins. Hugrún R. Hjaltadóttir situr í stjórn skrifstofunnar, varamaður hennar er Tryggvi Hallgrímsson.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

STYRKIR TIL ATVINNUMÁLA KVENNA

Síðan 1991 hafa sérstakir styrkir verið veittir til kvenna sem hafa góðar viðskiptahugmyndir en það var þáverandi félagsmálaráðherra Jóhanna Sigurðardóttir sem kom verkefninu af stað. Á þeim tíma var atvinnuleysi kvenna töluvert og styrkirnar ætlaðir sem mótvægi við það og sem tæki fyrir konur í viðskiptum með því að auka aðgengi þeirra að fjármagni. Styrkirnar eru ætlaðir konum sem vinna að góðum viðskiptahugmyndum og verkefnum. Styrkhæf verkefni skulu vera í eigu kvenna (a.m.k. 50%) og stjórnað af konum. Verkefni þarf að fela í sér atvinnusköpun á Íslandi til frambúðar og um nýnæmi þarf að vera að ræða, annað hvort nýja vöru/þjónustu eða þróun vöru/þjónustu. Frá árinu 2008 hefur fulltrúi Jafnréttisstofu, Ingibjörg Elíasdóttir, setið í ráðgjafanefnd sem fer yfir allar styrkumsóknir og gerir tillögu til velferðarráðherra um styrkveitingar. Árið 2016 var 32 milljónum króna úthlutað í styrki til atvinnumála kvenna. Alls hlutu 33 verkefni styrk í samræmi við niðurstöðu ráðgjafarnefndar sem mat umsóknirnar en alls bárust 219 umsóknir um styrki til verkefna hvaðanæva af landinu. Verkefnin voru fjölbreytt að venju. Má þar nefna fórnarfóðringu fyrir jarðhitaborholur, þróun vistvænna umbúða í stað plasts og ræktun stofnfruma með nýjum aðferðum. Þessi verkefni hlutu 3 milljónir króna hvert. Af fleiri verkefnum má nefna framleiðslu á lífrænni ánamaðkamold, gerð viðskiptaáætlunar fyrir útgáfu á pólsk- íslensku tímariti, og gerð viðskiptaáætlunar fyrir fræðslu- og fjölskylduspilið Fuglafár.



SAMSTARFSTEYMI VEGNA HEIMILISOFBELDIS

Árið 2013 setti þáverandi velferðarráðherra á fót samstarfsteymi vegna heimilisofbeldis til þriggja ára. Ingibjörg Elíasdóttir var skipuð í teymið fyrir hönd Jafnréttisstofu. Hlutverk samstarfsteymisins er meðal annars að hafa umsjón með að samræmdri heildarstefnu um heimilisofbeldi væri fylgt, hrinda tilraunaverkefnum í framkvæmd og koma á föstu samstarfi milli félagsþjónustu, barnaverndar, heilbrigðisþjónustu, Jafnréttisstofu, lögreglu og félagasamtaka. Einnig er teyminu ætlað að sjá til þess að öll sveitarfélög á Íslandi setji sér aðgerðaáætlun á þessu sviði. Samstarfsteymið og Jafnréttisstofa stóðu fyrir fimm námskeiðum um land allt á árinu. Námskeiðin voru fyrir starfsfólk félagsþjónustu, heilsugæslu, lögreglu, barnavernd og aðra sem vinna með heimilisofbeldi og afleiðingar þess. Tilgangurinn var að miðla þekkingu sem skapast hefur á Suðurnesjum í tengslum við verkefnið *Að halda glugganum opnum*.

Fyrsta námskeiðið var haldið á Akureyri í byrjun desember 2014. Námskeiðin á árinu voru á Eskifirði, í Borgarnesi, á Ísafirði og á Selfossi þar sem námskeiðið var sent út í gegnum fjarfundabúnað á Hólmavík, Höfn og Hvolsvelli. Síðasta námskeið teymisins var í Vestmannaeyjum í febrúar 2016. Um þrjú hundruð og tuttugu manns hafa sótt námskeiðin sem auk Akureyrar og Vestmannaeyja voru haldin á Eskifirði og Sauðárkróki.

STÝRIHÓPUR UM AÐGERÐIR GEGN OFBELDI OG AFLEIÐINGUM ÞESS

Á árinu tók til starfa stýrihópur um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess en að honum standa velferðarráðuneytið, innanríkisráðuneytið og menntamálaráðuneytið. Eitt af verkefnum hópsins er að efna til samráðs um allt land til að heyra hver staða mála er, miðla upplýsingum um vinnu hópsins og leita eftir tillögum til úrbóta. Hópnum er ætlað að vinna aðgerðaáætlun gegn ofbeldi. Kristín Ástgeirsdóttir tók þátt í samráðsfundum hópsins á Akureyri, Egilsstöðum, Stykkishólmi og Blönduósi. Fundirnir voru afar fróðlegir og ljóst að víða er mikið verk að vinna.

RÁÐSTEFNUR, MÁLÞING OG OPNIR FUNDIR

Á hverju ári tekur Jafnréttisstofa þátt í undirbúningi ýmissa funda og ráðstefna bæði sjálfstætt og í samstarfi við aðra.

JAFNRÉTTISTORG

Jafnréttisstofa og Háskólinn á Akureyri hafa undanfarin ár staðið sameiginlega að fyrirlestraröð um jafnréttismál undir yfirskriftinni Jafnréttistorg. Árið 2016 voru torgin fimm.



Í febrúar fjallaði Jón Birkir Bergþórsson, mastersnemi við Háskólann í Árósum, um leyndarmál kynhyggju. Hann skilgreindi hugtakið kynhyggja hvernig hún liggur að hjarta allri femínískri hugsun og hugmyndafræði.

Hann ræddi einnig um hvernig hugmyndafræði femínisma hefur þróast til þess að svara kynhyggjunni og af hverju hún er svo skaðleg fyrir bæði konur og karla.

Í apríl flutti Dr. Marta Einarsdóttir sérfræðingur við RHA. erindi sem nefndist „Konur sem ganga menntaveginum virða ekki karla“: Menntun og atvinnuþátttaka kvenna í Mósambík sem ógnun við kynjahlutverk. Erindið byggði á etnógrafískri doktorsrannsókn Mörtu, sem bjó í litlu þorpi í Mósambík, hjá einstæðri móður og fjölskyldu hennar og skoðaði þær hindranir sem sumar giftar konur urðu fyrir þegar þær hófu nám á ný á fullorðinsaldri.

Um miðjan september flutti Tryggvi Hallgrímsson sérfræðingur á Jafnréttisstofu erindi um jafnrétti, konur, frið og öryggi og átti samtalið við áheyrendur um efnið. Í erindinu fjallaði Tryggvi um vandamál og álitamál sem komið hafa upp vegna innleiðingar markmiða í fyrrgreindri ályktun. Umfjöllun hans tók mið af raunverulegum verkefnum í friðargæslu með sérstakri áherslu á áskoranir sem felast í jafnréttisstarfi í umhverfi mismunandi andstöðu.

Í október, kynntu Arnfríður Aðalsteinsdóttir, sérfræðingur á Jafnréttisstofu, og Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir, sviðsforseti heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri, verkefnið Rjúfum hefðirnar – förum nýjar leiðir. Markmið verkefnisins er að breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalmyndum um hlutverk kvenna og karla, sbr. 4. gr. jafnréttislaga. Verkefnið, sem er bundið við Norðurland eystra, er samstarfsverkefni skóla, vinnustaða, fagfélaga, stéttarfélaga og annarra sem láta sig jafnréttismál varða.

Í október flutti dr. Guðný Gústafsdóttir, erindi sem fjallaði um ímynd og stöðu íslenskra kvenna – hvort um væri að ræða ákveðna mótsögn? Dr. Guðný átti gott samtalið við áheyrendur um þróun kvenímyndarinnar í tímans rás í útgefnum tímaritum um tísku og útlit. Erindi Guðnýjar byggði á doktorsrannsókn hennar í kynjafræði.

ALPJÓÐLEGUR BARÁTTUDAGUR KVENNA 8. MARS

Að venju var haldið upp á alþjóðlegan baráttudag kvenna þann 8. mars. Á Akureyri stóðu Zonta-klúbbarnir á Akureyri í samstarfi við Jafnréttisstofu, fyrir hádegisfundum í Menningarhúsinu Hofi. Fundurinn sem bar yfirskriftina *Uppeldi barna í anda jafnréttis* hófst með léttum veitingum kl: 11:30. Fyrirlesarar voru þau Brynhildur Þórarinsdóttir móðir, rithöfundur og dósent við Háskólann á Akureyri og Jón Páll Eyjólfsson faðir og leikhússtjóri Menningarfélags Akureyrar.



Brynhildur kallaði erindi sitt *Pegar Messi fór að spila í prinsessubleiku* - Hugleiðing um fyrirmyndir og staðalmyndir en Jón Páll nefndi sitt erindi *Svarthöfði sigraður?* Fundarstjóri var Katrín Björg Ríkarðsdóttir, aðstoðarmaður bæjarstjóra.



Í Reykjavík buðu Alþýðusamband Íslands, BHM, BSRB, Kennarasamband Íslands, Jafnréttisstofa og Jafnréttisráð til hádegisverðarfundar þar sem fjallað var um kynbundna og kynferðislega áreitni og öfubeldi á vinnustöðum. Sonja Ýr Þorgeirsdóttir, lögfræðingur hjá BSRB flutti erindið: *Kynbundin og kynferðisleg áreitni á vinnustað*, Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands nefndi erindi sitt *Kynbundið vald og vinnumarkaðurinn* og Finnborg Salome Steinþórsdóttir, doktorsnemi í kynjafræði við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands, flutti erindið: *Er kynferðisleg áreitni óhjákvæmileg?* Fundurinn fór fram í fundarsalnum Hvammi, Grand Hotel Reykjavík.

ISTANBÚL-SAMNINGURINN



Í apríl efndu Mannréttindaskrifstofa Íslands og Jafnréttisstofa til málþings um Istanbul-samninginn og ýmislegt honum tengt. Ísland var eitt af fyrstu ríkjum Evrópu til að undirrita Istanbul-samninginn þann 11. maí 2011 en samningurinn felur í sér baráttu gegn öfubeldi sem konur eru beittar og heimilisöfubeldi. Samningurinn er fyrsti bindandi samningurinn sem tekur heildstætt á baráttunni gegn öfubeldi gegn konum. Hann kveður á um réttindi brotþola og skyldur opinberra aðila til að vernda og aðstoða þær konur sem verða fyrir öfubeldi, fræða almenning, stjórnvöld og fagaðila, forvarnir gegn öfubeldi og að bjóða öfubeldismönnum meðferð. Á málþinginu var m.a. flutt erindi um hatursorðræðu á netinu en afar erfitt er að draga netdólga fyrir dóm því síðurnar sem þeir nota eru yfirleitt vistaðar í fjarlægum löndum, t.d. Panama. Lög, t.d. hér á landi, ná ekki til fyrirtækja í öðrum löndum (nema að sérstakir samningar komi til) og því er víða til umræðu hvernig hægt er að koma lögum yfir netglæpi.

Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, flutti erindið: Hver er þessi Istanbul-samningur og hversvegna skiptir hann máli á Íslandi? Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands flutti erindi sitt: Hverju þarf að breyta í íslenski löggjöf til að innleiða Istanbul-samninginn hér? Líneik Anna Sævarsdóttir, þingkona Framsóknarflokksins og nefndarmaður í allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis spurði hvort það þyrfti fleira en lagabreytingar til að ná markmiðum Istanbul-samningsins og umfjöllun um Istanbul-samninginn og netið var í höndum Maríu Rúnar Bjarnadóttur, doktorsnema í mannréttindum og internetrétti við Sussex háskóla. Að síðustu fjallaði Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta. Hjálmar G. Sigmarsdóttir, ráðgjafi hjá Stígamótum sá um fundarstjórn.

JAFNRÉTTI Í SVEITARFÉLÖGUM



Þann 31. mars hélt Sambands íslenskra sveitarfélaga, Jafnréttisstofa og Jafnréttisráð vel heppnað málþing um Jafnrétti í sveitarfélögum á Grand hóteli í Reykjavík. Áhersla var á að sýna hvernig jafnrétti kynjanna getur aukið gæði þeirrar þjónustu sem sveitarfélögin veita. [Hægt að sjá öll erindin á heimasíðu Sambandsins](#). Sambandið kynnti á málþinginu nýtt fræðsluefni um jafnréttisstarf á

sveitarstjórnarstiginu: [Jafnréttismál eru sveitarstjórnarmál](#). Þann 1. apríl var síðan haldið námskeið um kynjasamþættingu fyrir sveitarstjórnarfolk og fulltrúa þeirra sem starfa að jafnréttismálum. Tveir sænskir sérfræðingar frá sænska sveitarstjórnarsambandinu SALAR sáu um fræðsluna og var bæði málþingið og námskeiðið mjög vel sótt.

JAFNRÉTTISLÖG Í 40 ÁR

Miðvikudaginn 18. maí voru 40 ár liðin frá því að fyrstu jafnréttislögin voru samþykkt og því boðaði Jafnréttisstofa til hádegisverðarfundar á Akureyri. Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra, flutti erindi um tilurð laganna í sögulegu samhengi, Brynhildur Flóvenz dósent í lögum við HÍ, fjallaði einnig um tilurð og baráttu fyrir lögfestingu jafnréttislaga en einnig hvernig þau hafa reynst í framkvæmd með tilliti til ólíkra mála sem hafa komið fram í tengslum við lögin og Ingibjörg Elíasdóttir, lögfræðingur Jafnréttisstofu horfði til framtíðar og hvernig lögin þarf að endurskoða ef þau eiga að ná þeim markmiðum sem í þeim felast.

LANDSFUNDUR JAFNRÉTTISNEFNDA SVEITARFÉLAGA

Jafnréttismál eru sveitarstjórnarmál var yfirskrift landsfundar um jafnréttismál sem haldinn var á Akureyri föstudaginn 16. september. Rúmlega sextíu manns frá 17 sveitarfélögum sátu landsfundinn sem boðað var til af Akureyrarbæ í samstarfi við Jafnréttisstofu. Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Síðan tók Katrín Björg Ríkarðsdóttir, aðstoðarmaður bæjarstjóra, við fundarstjórn.

Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, var fyrst á dagskrá og fjallaði hún um skyldur sveitarfélaga samkvæmt jafnréttislögum. Ásgerður Kristín Gylfadóttir, bæjarfulltrúi á Hornafirði, Sigríður Svavarsdóttir, bæjarfulltrúi í Skagafirði, Geirlaug Jóhannsdóttir, bæjarfulltrúi í Borgarbyggð og Sóley Björk Stefánsdóttir, bæjarfulltrúi á Akureyri voru raddir kvenna í sveitarstjórn og veltu fyrir sér hvort kyn skipti máli í sveitarstjórn. Þær voru sammála um mikilvægi fjölbreytileikans, þ.e. að raddir sem flestra þjóðfélagshópa fengju að njóta sín og hafa áhrif á málefni samfélagsins. Ingibjörg Broddadóttir, formaður stýrihóps um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess, kynnti samstarf þriggja ráðuneyta um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess. Markmiðið er að vinna saman gegn ofbeldi í íslensku samfélagi og niðurbrjótandi áhrifum þess, auka fræðslu og forvarnastarf um ofbeldi, bæta samvinnu og verklag við að draga úr ofbeldi og styrkja samstarf við rannsókn mála. Í framhaldinu kynntu Halla Bergþóra Björnsdóttir, lögreglustjóri á Norðurlandi eystra og Áskell Örn Kárason, forstöðumaður barnaverndar Akureyrarbæjar, samstarfsverkefni lögreglunnar og Akureyrarbæjar sem miðar að því að vinna gegn heimilisofbeldi.

Nýmæli í jafnréttisáætlun Akureyrarbæjar voru kynnt af Silju Dögg Baldursdóttir, bæjarfulltrúa og formanni samfélags- og mannréttindaráðs og Guðmundi Baldvin Guðmundssyni, formanni bæjarráðs. Silja Dögg sagði frá þeirri hugmynd að tilnefna þróunarleiðtoga innan hinna ýmsu sviða hjá bæjarfélaginu. Hlutverk þróunarleiðtoga er að fylgja jafnréttismálum eftir innan síns sviðs. Guðmundur fjallaði hins vegar um kynjaða fjárhagsáætlanagerð. Friðný Sigurðardóttir, þjónustustjóri Öldrunarheimila Akureyrar sagði frá verkefninu Hræðast karlar gamalt fólk? sem felst í að fjölga karlmönnum í starfsmannahópi heimilanna. Einnig fór Friðný yfir hvernig Öldrunarheimilin eru að innleiða kynjasambættingu inn í starfsemi sína. Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, framhaldsskólakennari og brautryðjandi í kynjafræðikennslu, hóf dagskrána eftir hádegi. Hanna Björg fjallaði um jafnrétti í skólastarfi undir yfirskriftinni Kynja- og jafnréttisfræðsla: Gæluverkefni eða grundvallaratriði? Að loknu erindi Hönnu Bjargar tók við hópastarf þar sem þátttakendur gátu valið á milli eftirtalinna viðfangsefna.

Helstu niðurstöður hópavinnu:

Jafnréttismál á tímum niðurskurðar.

Reglur hjá Reykjavíkurborg um að skoða sparnað út frá jafnréttisjónarmiði. Mikilvægt að forgangsraða. Fjármagn og fræðsla er það sem þarf.

Jafnrétti í skólastarfi.

Endurmenntun kennara. Skora á Menntamálastofnun að bæta námsefni, þróa gæðastimpla. Sporna gegn klámvæðingu og bæta sálfræðiþjónustu. Fá karlana með.

Fjölskylduvæn sveitarfélög.

Stytting vinnuviku, skapa fjölbreytta atvinnu. Tryggja góða leikskóla og félagslega aðstoð vegna barna. Auka gæðastundir og ljúka vinnudegi barna klukkan 16:00. Umönnun aldraðra.

Launakannanir og launajafnrétti.

Launakannanir þarf að gera á hverju ári. Skoða forsendur þessara kannana sem eru í gangi. Sveitarfélögin vinna greiningar, þ.e. greini stöðuna hjá sér. Innleiða jafnlaunastaðalinn. Auka samstarf t.d. að bygga upp innra net hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

RÁÐSTEFNAN STUNDIN ER RUNNIN UPP – JAFNRÉTTISMÁL Í 40 ÁR

Árið 2016 voru 40 ár liðin frá því að fyrstu jafnréttislögin voru sett og Jafnréttisráð var stofnað. Á 16 ára afmælisdegi Jafnréttisstofu 15. september efndu Jafnréttisráð og Jafnréttisstofa til ráðstefnu undir heitinu „Stundin er runnin upp“ en það er tilvitnun í textann Áfram stelpur frá árinu 1975. Daginn eftir var fyrrnefndur landsfundur um jafnréttismál í sveitarfélögunum einnig á Akureyri og því rík ástæða til að tengja þessa viðburði saman. Dagskráin hófst á því að Eygló Harðardóttir félags- og húsnæðismálaráðherra ávarpaði ráðstefnuna. Hún rifjaði upp söguna og það sem áunnist hefur í þessi 40 ár, þar á meðal fjölgun kvenna á þingi og í sveitarstjórnnum, stóru aukna menntun kvenna og sókn þeirra á vinnumarkaði. Hún ítrekaði nauðsyn þess að karlar tækju ríkari þátt í jafnréttisbaráttunni sem auðvitað væri þeirra hagur. Eygló greindi frá því að búið væri að samþykkja framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum fyrir árin 2016-2020 en í henni er að finna áherslur og verkefni sem unnið verður að á næstu árum. Þar má nefna launajafnrétti kynjanna, baráttu gegn kynbundnu ofbeldi, aukna áherslu á kynjasambættingu inn í alla stefnumörkun o.fl.

Aðalerindi dagsins flutti Brynhildur Flóvenz dósent í lögfræði við Háskóla Íslands. Hún rakti þróun jafnréttislaganna í 40 ár og hvernig þau hafa ýmist verið kynhlutlaus (sbr. núgildandi lög frá 2008) eða þá að þau hafa lagt áherslu á að það hallaði á konur og að heimilt væri að grípa til sértækra aðgerða til að rétta hallann af. Hún sagði að þetta væri grundvallarspurning um tilgang laganna sem yrði að taka á við næstu endurskoðun.

Þá var röðin komin að lið sem bar yfirskriftina: „Þó ýmsir vilji afturábak en aðrir standi í stað, tókum við aldrei undir það!“ Aftur var vitnað í textann Áfram stelpur. Þrjár konur og þrjú karlar létu gamminn geisa um hvað þeim væri efst í huga hvað varðar jafnrétti kynjanna (allra) á þessum tímamótum.

Fyrst kom í pontu Fanný Gunnarsdóttir, formaður Jafnréttisráðs en hún hefur lengi verið virk í jafnréttisbaráttunni. Fanný benti á að enn væri við að eiga sömu baráttumálin og fyrir 40 árum, svo sem launamisréttið og kynskiptan vinnumarkað, en við hefðu bæst áherslur t.d. á klám og hatursorðræðu. Hún benti sérstaklega á skort á umræðu um heilsu út frá kynjabreytunni en þar er sannarlega margt að rannsaka og greina. Einar Mar Þórðarson sérfræðingur í Fjármála- og efnahagsráðuneytinu gerði launamisréttið að umræðuefni. Hann sagði að konur sem ynnu hjá ríkinu hefðu 10% lægri laun en karlar þegar tillit hefði verið tekið til vinnutíma. Hann sagði að setja þyrfti markmið um að allar ríkisstofnanir innleiði jafnlaunastaðalinn á næsta kjörtímabili. Hann ræddi um hlutverk sitt sem föður og hve óþolandi það væri að vita af því að barnanna biði ekki jöfn tækifæri og jöfn staða. Hann nefndi mikilvægi jafnréttisuppeldis, sló á léttu strengi og sagði að við yrðum að passa okkur á að ala ekki upp drengi sem væru „ólæsir, tölvusjúkir, klámhundar“. Andrea Hjálmsdóttir, lektor

við HA. beindi sjónum að heimilinu og hvað þar færi fram. Hún nefndi að lög og umræður beindust aðallega að því sem á sér stað á vinnumarkaðnum en mun minna væri fjallað um jafnrétti á heimilunum. Andrea nefndi rannsóknir sem gerðar hafa verið á verkaskiptingu á heimilum sem sýna að konur bera enn mun meiri ábyrgð en karlar og einnig kannanir á viðhorfum ungs fólks sem endurspegla íhaldssemi og hefðbundnar hugmyndir um hlutverk kynjanna. Þarna væri sannarlega verk að vinna. Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri í Norðurþingi sagði fyrst frá sínu sveitarfélagi þar sem nokkur munur er á hlutföllum kynjanna. Þar vantar ungar konur. Eins og víða annars staðar fara þær í burtu til að mennta sig og koma ekki til baka. Kristján (sem er nýbakaður faðir) fjallaði þó aðallega um fæðingarorlofið sem væri orðið þannig að það mismunaði fólki og þjónaði ekki tilgangi sínum þar sem fólk yrði fyrir gríðarlegri kjaraskerðingu. Fólk með lágar tekjur á mjög erfitt með að fara í fæðingarorlof vegna þess hve þakið er lágt. Afleiðingarnar eru líka heldur betur að sýna sig í lækkandi fæðingartíðni sem nú er komin niður í 1,8.

Næst var röðin komin að Engilbert Hauki Kolbeinssyni og Hans Jónssyni sem ræddu stöðu hinsegin fólks. Hans sagði að Ísland væri í 14. sæti í Evrópu hvað varðar stöðu hinsegin fólks, einkum á eftir að rétta lagalega stöðu transfólks. Hann nefndi sem dæmi að það þyrfti að beina sjónum að hinsegin börnum í skólakerfinu, skólabókunum o.fl. Fríða Rós Valdimarsdóttir formaður Kvenréttindafélags Íslands, flutti að síðustu erindi þar sem hún tók m.a. dæmi af fjölskyldu sinni og hvernig mikið álag getur kallað fram „úlfatíma“ (þ.e. hættu á núningi, rifrildum og átökum) þegar allir eru að flýta sér út í daginn eða koma þreyttir heim. Hún kallaði eftir málefnalegri vinnu við að koma jafnréttismálum í rétt horf í stað endalausra átaka sem líkja má við „úlfatíma“. Það væri öllum í hag að bæta stöðu fjölskyldnanna.

Eftir hádegi fór fram hópastarf undir yfirskriftinni „Sköpum jafnrétti og bræðralag“ enn ein tilvitnunin í fyrrnefndan texta, reyndar ansi karllæg. Ræddar voru spurningar um það hverju jafnréttislögin hefðu skilað, hverju hefði ekki tekist að fylgja eftir og hvað væri brýnast nú. [Helstu niðurstöður hópavinnu og myndir frá ráðstefnunni](#)

24. OKTÓBER - Kvennafrídagurinn

Kynbundinn launamunur og kjaramál kvenna

Á Akureyri fór fram hádegisfundur á KEA í tilefni Kvennafrí dagsins. *Kynbundinn launamunur og kjaramál kvenna* var yfirskrift fundarins. Erindi fluttu Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður Kjalar stéttarfélags Drífa Snædal framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands. RÚV tók viðtal við Kristínu og Drífu sem sent var út í beinni útsendingu í hádegisfréttum RÚV.

KJARAJAFNRÉTTI STRAX!

Fleiri fundir voru haldnir þennan dag víðar um land en í Reykjavík fór fram samstöðufundur á Austurvelli undir kjörorðinu *KJARAJAFNRÉTTI STRAX!* og Jafnréttisráð afhenti fjölmiðlaverðlaun.

Aðgerðahópur stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins kynnti tillögur um framtíðarstefnu í jafnlaunamálum á morgunverðarfundi á Reykjavík Hilton Nordica, og samhliða kynningu á tillögum aðgerðahópsins opnaði Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, vefsíðu jafnlaunastaðalsins og kynnti nýtt jafnlaunamerki.

KVENNASÖGUGANGA

Sunnudaginn 19. júní 2016 stóðu Jafnréttisstofa, Akureyrarkaupstaður, Héraðskjalasafnið á Akureyri Minjasafnið á Akureyri og Zonta-klúbbarnir fyrir hinni árlegu kvennasögugöngu á Akureyri. Þetta árið var gengið í fótspor kvenna á brekkunni. Gangan hófst í Lystigarðinum og gengið var um neðri Brekkuna þar sem ólíkar konur og þeirra verk voru kynnt til sögunnar. Göngunni lauk einnig í Lystigarðinum þar sem göngufólki var boðið upp á kaffi og kleinur. Kristín Aðalsteinsdóttir, lektor við Háskólann á Akureyri leiddi gönguna.

JAFNRÉTTISVIKA HÁSKÓLANNA

Jafnréttisráð Háskólans á Akureyri stóð fyrir dagskrá á Jafnréttisdögum sem fóru fram í Háskólanum á Akureyri dagana 10.–13. október. Jafnréttisstofa tók þátt í jafnréttisdögunum með kynningu á starfsemi stofunnar og á verkefninu *Rjúfum hefðirnar- Förum nýjar leiðir* en Háskólinn á Akureyri er samstarfsaðili í því verkefni. Dagskráin þessa daga var afar fjölbreytt en jafnréttisdagarnir eru samstarfsverkefni allra háskóla í landinu.

16 DAGA ÁTAK GEGN KYNBUNDNU OFBELDI

16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi er alþjóðlegt átak sem rekja má allt aftur til ársins 1991. Dagsetning átaksins var valin til að tengja saman á táknrænan hátt kynbundið ofbeldi og mannréttindi. Átakið hefst 25. nóvember á alþjóðlegum baráttudegi gegn ofbeldi gegn konum og því lýkur 10. desember á hinum alþjóðlega mannréttindadegi. Markmið átaksins er að knýja á um afnám alls kynbundins ofbeldis.

Á Akureyri hófst átakið 2016 með málþinginu: *Börnin njóti vafans – Málþing um heimilisofbeldi* sem Háskólinn á Akureyri og Jafnréttisstofa stóðu fyrir þann 21. nóvember. Þann 23. nóvember flutti Sigrún Sigurðardóttir, lektor við HA og doktorsnemi við HÍ. erindið Geta þabbar ekki grátið? Reynsla karlmannna af kynferðisofbeldi í æsku í Háskólanum á Akureyri og góðar umræður fylgdu í kjölfar erindis hennar. Þann 25. nóvember stóðu Zonta-klúbbarnir á Akureyri fyrir ljósagöngu. Gangan hófst við Akureyrarkirkju og gengið niður á Ráðhústorg þar sem sem göngufólk tók höndum saman gegn ofbeldi. Þann 29. nóvember stóð Jafnréttisstofa fyrir hádegisfundi þar sem Þórunn Elísabet Bogadóttir, aðstoðarritstjóri Kjarnans flutti erindið: „Umfjöllun um kynferðisbrot – hvar liggja mörk fjölmiðla?“ . Fundurinn var vel sóttur en hann fór fram í anddyri Borga við Norðurslóð. Þann 7. desember stóð Aflið fyrir opnu húsi í Gamla spítalanum í Aðalstræti 14 þar sem Aflið er nú til húsa. Flutt voru erindi, söng- og tónlistaratriði. Þann 8. desember stóð Jafnréttisstofa fyrir hádegisfundi þar sem María Rut Kristinsdóttir sérfræðingur í Innanríkisráðuneytinu flutti erindið: Úttekt á verkferlum í kynferðisbrotamálum, þar sem hún fór yfir greiningu á bættum verkferlum í kringum nauðgunarmál í réttarvörslukerfinu. Fundurinn fór fram í anddyri Borga við Norðurslóð en fjölmennt lið lögreglu sótti fyrirlesturinn ásamt öðru fagfólki. Góðar og gagnlegar umræður sköpuðust og sagði María Rut umræðurnar gott veganesti inn í frekari vinnu í málaflökknum.

FRÆDSLUFUNDIR OG ERINDI

Á hverju ári heldur starfsfólk Jafnréttisstofu fjölda erinda um jafnrétti kynjanna á margvíslegum vettvangi innan- sem utanlands. Flest eru erindin haldin að ósk aðila sem leita til Jafnréttisstofu, en önnur eru flutt í tengslum við verkefni sem stofan tekur þátt í eða stýrir.

Erindin sem starfsfólk Jafnréttisstofu heldur innanlands tengjast ýmsum þáttum jafnréttisstarfsins. Sum erindin eru um starfsemi stofunnar, jafnréttislöggjöfina og stöðu jafnréttismála í samfélaginu. Önnur eru kynning á rannsóknarniðurstöðum eða tengd málefnum er snúa að launamun kynjanna, vinnustaðameningu eða baráttu gegn kynbundnu ofbeldi. Einnig flytur starfsfólk Jafnréttisstofu erindi og heimsækir vinnustaði, stéttarfélög, sveitarfélög, félagasamtök, íþróttafélög, skóla og aðra sem þess óska. Of langt mál væri að telja upp alla þá fundi en nokkra ber þó að nefna.

JAFNRÉTTISÞING – FRÆDSLUFUNDIR UM KYNJASAMBÆTTINGU OG JAFNRÉTTISÁÆTLANIR

Jafnréttismál voru í brennidepli í Ísafjarðarbæ í febrúar en Grunnskólinn á Ísafirði hélt metnaðarfullt jafnréttisþing 24. febrúar þar sem allir nemendur í 6.–10. bekk tóku þátt og var þeim skipt í hópa þvert á árganga. Elstu nemendur skólans stýrðu umræðum í sínum hópum en þessir nemendur fengu fyrir þingið sérstakar leiðbeiningar og þjálfun í hópstjórn. Bergljót Þrastardóttir, sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu, tók þátt í deginum með innleggi í upphafi þingsins og fylgdist síðan með vinnu hópanna sem var einkar áhugaverð og fróðleg. Nemendur ræddu saman um gildi þess fyrir stráka og stelpur að lifa í jafnréttissinnuðu samfélagi og settu fram hugmyndir sínar um hvað nemendur, starfsfólk og foreldrar geta gert til að auka jafnrétti í skólanum, heima og jafnvel víðar.

Í kjölfar jafnréttisþingsins buðu Félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar og Jafnréttisstofa upp á opinn fræðslufund um kynjasambættingu í Stjórnsýsluhúsinu þar sem mögulegar leiðir til innleiðingar voru ræddar og hvernig sveitarfélög geta tryggt réttláta dreifingu gæða með því að nýta aðferðafræði kynjasambættingar.

Í kjölfar fræðslufundarins hitti Bergljót fulltrúa úr jafnréttisnefnd Menntaskólans á Ísafirði sem eru að setja saman jafnréttisáætlun skólans um þessar mundir en Jafnréttisstofa kallar nú í annað sinn eftir jafnréttisáætlunum frá framhaldsskólum landsins.

VINNUSTOFUR UM GERÐ JAFNRÉTTISÁÆTLANA

Arnfríður Aðalsteinsdóttir, Bergljót Þrastardóttir og Ingibjörg Elíasdóttir voru með námskeið um jafnréttislöggjöf og kynjasambættingu fyrir stjórnendur og jafnréttisnefnd Háskólans á Akureyri í janúar.

Ingibjörg Elíasdóttir heimsótti Kaupfélag Skagfirðinga, 26. maí með fræðslu um jafnréttislög og gerð jafnréttisáætlana. Stjórnendur og starfsfólk ýmissa deilda vann í hópum þar sem hafist var handa við gerð aðgerðabundinnar jafnréttisáætlunar fyrir Kaupfélagið.

Mánudaginn 30. apríl var Arnfríður Aðalsteinsdóttir með samskonar fræðslu fyrir Farfugla sem voru í viðamikilli vinnu við að móta stefnu og framtíðarsýn fyrir fyrirtækið. Einn liður í þeirri vinnu er að fyrirtækið setji sér aðgerðabundna jafnréttisáætlun.

Í maí var Ingibjörg Elíasdóttir með fræðsluerindi um jafnréttismál á fundi hjá Samtökum stjórnenda stjórnarsýslu- og fjármálasviða sveitarfélaga.

Í maí flutti Bergljót erindi á ráðstefnu í Slóveníu um jafnrétti á vinnumarkaði með áherslu á þær leiðir sem reynst hafa vel héraðs þegar kemur að samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs.

Í mars tók Kristín Ástgeirsdóttir þátt í ráðstefnu á vegum Barnard College (New York) sem haldin var í París. Þar var rætt um stöðu ungra kvenna, náms- og starfsval þeirra sem og framtíðarhorfur. .

Þann 8. október hélt Tryggvi Hallgrímsson lykilfyrirlestur á fjölsótttri ráðstefnu í San Sebastian, á Spáni. Ráðstefnan fjallaði um samræmingu atvinnu- og fjölskyldulífs. Lykilfyrirlestrar frá Noregi og Íslandi voru grundvöllur málstofu og umræðna á seinni degi ráðstefnunnar. Skipuleggjendur voru samtök sveitarfélaga og fylkja á svæðinu.

JAFNRÉTTISFRÆÐSLA FYRIR KENNARA

Jafnréttisnefnd Kennarasambands Íslands og Jafnréttisstofa buðu grunnskólakennurum upp á hagnýtt námskeið í jafnréttis- og kynjafræðikennslu þann í Reykjavík 18. ágúst. Námskeiðið var aðallega hugsað fyrir kennara í efri bekkjum grunnskólans (5.-10. bekk). Fyrri hluti námskeiðsins var um almenna innleiðslu á grunnþættinum kynjajafnrétti í kennslu og starfi. Markmiðið var að auka meðvitund um mikilvægi jafnréttisfræðslu og kenna grunnatriðin. Í síðari hluta námskeiðsins var kynnt kennslufni til jafnréttisfræðslu sem ætlað er efri bekkjum grunnskóla. Kennarar á námskeiðinu voru Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, framhaldsskólakennari og Þóra Þorsteinsdóttir, grunnskólakennari og jafnframt höfundur námsefnis sem kynnt var. Námsefnið má finna á hér: <http://grunnskoli.kvenrettindafelag.is/>

Þátttaka á námskeiðinu var framar öllum vonum og mættu yfir 100 manns. Lagt var upp með það í upphafi að bjóða upp á námskeiðið á fleiri stöðum á landinu og voru þau haldin á Akureyri, Flúðum, Hellu og Reyðarfirði. Fjölbreyttur hópur kom að því að kenna námskeiðið þó svo efnistökin hafi verið þau sömu og á fyrsta námskeiðinu en það voru þau Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, framhaldsskólakennari, Arnfríður Aðalsteinsdóttir, sérfræðingur á Jafnréttisstofu, Hafdís Dögg Guðmundsdóttir, sérfræðingur í vinnuumhverfis- og jafnréttismálum hjá KÍ, Þórður Kristinsson, framhaldsskólakennari og Margrét Perla Kolka Leifsdóttir, framhaldsskólakennari.

ERINDI Í MENNTASTOFNUNUM

Hugrún hitti á árinu nemendur við Háskólann í Reykjavík í MA námi í íþróttufræði, ræddi stöðu kynjanna í íslensku samfélagi og jafnréttislöggjöfina. Hún heimsótti einnig nemendur í Háskóla Íslands í áfanga í vinnuvistfræði og ræddi um hlutverk Jafnréttisstofu, löggjöfina og stöðu kynjanna í íslensku samfélagi.

Ingibjörg Elíasdóttir sinnti kennslu um jafnréttislöggjöf og jafnréttismál í mannauðsstjórnun við viðskiptadeild Háskólans og Akureyri. Ingibjörg kom einnig að kennslu um kynin og fjölmiðla og fleira í áfanga í kynjafræði við sama skóla eins og undanfarin ár.

Bergljót og Arnfríður heimsóttu einnig nemendur á menntavísindasviði Háskólans á Akureyri og ræddu skyldur skólstofnana, jafnréttisfræðsluverkefni og staðalmyndir kynjanna í áföngum um kynjafræði, jafnrétti og lýðræði í skólastarfi.

Arnfríður hitti nemendur í níunda og tíunda bekk grunnskólanna á Akureyri og fræddi og ræddi við þá um jafnréttismál. Sérstök áhersla var lögð á hvernig staðalmyndir geta haft áhrif á náms- og starfsval. Fræðslan var að beiðni forvarnarfulltrúa Akureyrarbæjar. Arnfríður og Ingibjörg voru með fræðslu fyrir kennara Verkmenntaskólans á Akureyri. Arnfríður kynnti verkefnið *Rjúfum hefðirnar – förum nýjar leiðir* sem Verkmenntaskólinn tekur þátt í. Ingibjörg fór í framhaldinu yfir lagalegar skyldur skóla samkvæmt jafnréttislögum og tengdi við nýsamþykka jafnréttisáætlun skólans.

NÁMSKEIÐ

Jafnréttisstofa býður upp á fjölda námskeiða um jafnréttisstarf fyrir fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök. Annars vegar er um stöðluð námskeið að ræða og hins vegar námskeið sem eru sérstaklega sniðin að þörfum þeirra sem eftir þeim óska. Fjallað er um jafnréttisstarf í víðu samhengi, svo sem jafnréttislögin, aðferðafræði við kynjasambættingu og gerð jafnréttisáætlana. Einnig má nefna áherslur eins og staðalmyndir kynjanna, kynbundið ofbeldi, jafnréttisfræðslu í skólum og fleira.

STAÐA JAFNRÉTTISMÁLA OG JAFNRÉTTISLÖGGJÖFIN

Námskeiðið er ein til tvær klukkustundir að lengd og er gjarnan aðlagað að þörfum þátttakenda. Fjallað er um stöðu jafnréttismála í íslensku samfélagi og farið yfir jafnréttislöggjöfina. Þátttakendur eru hvattir til umræðna og að kryfja hvað felst í hugtakinu jafnrétti.

GERÐ JAFNRÉTTISÁÆTLANA

Námskeiðið, sem er ein til fjórar klukkustundir, er sérstaklega hugsað fyrir stofnanir og fyrirtæki sem eru að hefja jafnréttisstarf, ætla eða eru að setja sér jafnréttisáætlun. Einnig er námskeiðið gagnlegt fyrir þá sem eru að endurskoða eldri áætlanir. Námskeiðin eru sniðin að þörfum hvers fyrirtækis / hverrar stofnunar fyrir sig. Mikið er lagt upp úr því að vinna með hagnýt dæmi sem þátttakendur geta tengt sínum veruleika.

KYNJASAMBÆTTING

Námskeiðið, sem getur verið ein til fjórar klukkustundir, er sérstaklega hugsað fyrir stofnanir og fyrirtæki sem eru að hefja sambættingarvinnu. Á námskeiðinu er farið í grundvallaratriði kynjasambættingar, hvað þarf að hafa í huga áður en vinnan hefst og farið í gegnum hagnýtar leiðir við vinnu að sambættingarverkefnum. Námskeiðið byggir á handbókinni *Jöfnum leikinn*.

FRÆÐSLA FYRIR KENNARA OG STARFSFÓLK SKÓLA

Í tengslum við verkefnið *Jafnréttisáætlanir í alla skóla* hefur Jafnréttisstofa boðið skólunum upp á ráðgjöf við gerð jafnréttisáætlana og fræðslu með það að markmiði að efla kynjafræðilegan grunn skólastjórnenda, kennara og starfsfólks skóla. Ráðgjöfin fer að mestu fram í gegnum síma og / eða með tölvupósti en einnig hafa margir skólar verið heimsóttir og starfsfólk fengið fræðslu um gerð jafnréttisáætlana og jafnréttisstarf í skólum.

VERKEFNI

RJÚFUM HEFÐIRNAR - FÖRUM NÝJAR LEIÐIR

Jafnréttisstofa fékk styrk úr Jafnréttissjóði Íslands þann 19. júní til verkefnisins *Rjúfum hefðirnar – förum nýjar leiðir*. Markmið er að breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalmyndum um hlutverk kvenna og karla, sbr. 4. gr. jafnréttislaga. Verkefnið var kynnt á Jafnréttistorgi 12. október í Háskólanum á Akureyri. Frétt um verkefnið ásamt viðtölum Arnfríði Aðalsteinsdóttur og Eydísi Kr. Sveinbjarnardóttur, sviðsforseta heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri birtust í kvöldfréttum RÚV sjónvarpsins 16. október.

Verkefnið, sem er bundið við Norðurland eystra, er tilraunaverkefni þar sem skóli og atvinnulíf vinna saman gegn kynbundnu náms- og starfsvali og kynskiptum vinnumarkaði. Þátttakendur eru Háskólinn á Akureyri, Verkmenntaskólinn á Akureyri, Oddeyrarskóli, leikskólinn Lundarsel, Öldrunarheimilin á Akureyri, Slippurinn Akureyri, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félag náms- og starfsráðgjafa, Kennarasamband Íslands og Félag málmíðnaðarmanna Akureyri. Í september og október var fundað með hverjum þátttakanda fyrir sig og verkefnið kynnt.

Fyrsti fræðslu- og vinnufundi verkefnisins var 15. nóvember. Fundinn sóttu fulltrúar frá öllum þátttakendum, alls 21 fulltrúi. Margar góðar hugmyndir komu fram á fundinum og verður unnið með þær áfram.

PROMISING NORDIC PRACTICES E-TRAINING

Um er að ræða norrænt samstarfsverkefni sem Jafnréttisstofa tók þátt í fyrir hönd Íslands. Verkefnið var stutt af NIKK og var framhald annars norræns verkefnis sem fólst í að taka saman stöðu kynjafræðikennslu á Norðurlöndunum. Bergljót Prastardóttir var tengiliður Jafnréttisstofu í þessu verkefni sem fólst í hönnun vefsíðu þar sem kennarar gátu tekið námskeið og var efnið prufukeyrt með þátttakendum frá öllum samstarfslöndunum: Finnlandi, Íslandi, Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Færeyjum. Vefnámskeiðið var að lokum metið m.a. með því að spyrja þátttakendur út í gæði þess og verða niðurstöður nýttar til að þróa síðuna áfram.

JAFNRÉTTISFRÆÐSLA Í EVRÓPU



Í nóvember 2014 hófst verkefni um gerð náms- og fræðsluefnis um jafnréttismál. Jafnréttisstofa tekur þátt í verkefninu ásamt fulltrúum stjórnvalda í fylkinu Nieder Österreich (Austurríki) og fulltrúum félagasamtaka í Króatíu og Litháen. Tilgangur verkefnisins er að þróa og samræma námsefni fyrir þá sem sinna fræðslu um kynjajafnrétti í Evrópu. Verkefnið fékk styrk úr Erasmussjóðnum. Á árinu 2015 var haldinn fundur í maí um verkefnið í Reykjavík og í september var fundur í Zagreb í Króatíu. Í febrúar 2016 var fundur í Vilníus í Litháen. Verkefninu lauk sumarið 2016 með útgáfu námskrár fyrir einstaklinga og hópa sem starfa að jafnréttismálum. Námskrána má lesa hér. Lokaráðstefna verkefnisins var haldin 27.-28. júní og fluttu Hanna Björg Vilhjálmisdóttir, Svanhvít Aðalsteinsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir erindi á ráðstefnunni.

OFBELDI GEGN KONUM Á KRÍT

Jafnréttisstofa tók þátt í samvinnuverkefni við samtökin Women's Association of Heraklion. Tveir fulltrúar samtakanna heimsóttu Ísland í febrúar til að kynna sér baráttu gegn kynbundnu ofbeldi. Í september fóru þær Alda Hrönn Jóhannsdóttir, Halldóra Gunnarsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir til Krítar þar sem haldið var námskeið um baráttu gegn ofbeldi og ýmsar stofnanir heimsóttar.

MÓTTAKA GESTA

Jafnréttisstofa tekur á hverju ári á móti fjölda gesta í ýmsum erindagjörðum. Bæði er um hópa og einstaklinga að ræða sem vilja fræðast um starfsemi stofunnar og stöðu jafnréttismála. Hér verða nefnd nokkur dæmi um heimsóknir en of langt mál er að taka fram allar heimsóknir á Jafnréttisstofu.

Starfsendurhæfing Norðurlands heimsótti Jafnréttisstofu í febrúar og nemendur í menningarläsi við VMA komu í september.

VÍSINDASKÓLI BARNNA

Jafnréttisstofa tók þátt í Vísindaskóla barnanna sem Háskólinn á Akureyri stóð fyrir í júní. Hóparnir voru fimm og um það bil 15 krakkar í hverjum hópi, á aldrinum 11 til 13 ára. Þau tóku viðtal við framkvæmdastýru Jafnréttisstofu og spurðu hana m.a. um dagleg verkefni, hlutverk jafnréttislaga og ræða stuttlega um stöðu karla og kvenna á Íslandi. Krakkarnir unnu síðan efnið úr viðtölum í þátt sem sýndur var í Vísindaskólanum. Tilgangur skólans er að veita krökkum tækifæri til að læra um málefni sem tengjast réttindum barna, heilsu, tækni, fjölmiðlum og umhverfismálum.

ERLENDIR GESTIR

Jafnréttisstofa tekur á hverju ári á móti erlendum gestum sem koma til landsins í ýmsum erindagjörðum sem tengjast jafnrétti kynja. Bæði er um hópa og einstaklinga að ræða sem vilja fræðast um starfsemi stofunnar og stöðu jafnréttismála á Íslandi. Á undanförunum árum hefur fjöldi heimsókn aukist en það tengist því að Ísland hefur verið í efsta sætinu á lista World Economic Forum um jafnrétti kynja sjö ár í röð þó voru færri sem komu í ár en í fyrra.

Í apríl komu tveir Japanir í heimsókn til Jafnréttisstofu. Þeir Yoshi Ishikawa og Yosuke Komatsu vinna báðir fyrir frjáls félagasamtök sem hafa það að markmiði að byggja aftur upp þau samfélög sem urðu illa úti í jarðskjálftanum sem reið yfir landið árið 2011. Áhersla er á að hafa kynja- og jafnréttissjónarmið inni í allri ákvarðanatöku um uppbyggingu og voru þeir komnir hingað til Íslands til að kynna sér aðferðafræði kynjasambættingar auk annarra atriða s.s. fæðingarorlof og námslán.

Í október kom starfsnemi frá Kvenréttindafélagi Íslands í heimsókn á Jafnréttisstofu. Linda Giozza er frá Ítalíu en stundar nám í Danmörku og kom til Íslands í nokkra mánaða dvöl sem starfsnemi hjá Kvenréttindafélaginu. Hún kom í heimsókn á Jafnréttisstofu til að kynna sér stöðu kynjanna í íslensku samfélagi, jafnréttislöggjöfina og starfsemi stofnunarinnar.

Auk þess aðstoðaði starfsfólk Jafnréttisstofu fólk við að komast í samband við aðila hér á landi sem hafa sérþekkingu á ýmsum málum umfram það sem Jafnréttisstofa getur veitt og á það bæði við einstaklinga, starfsmenn stofnana og fjölmiðla. Einnig hefur það færst í vöxt að nemar við erlenda háskóla hafa samband og óska eftir upplýsingum um stöðu kynjanna í íslensku samfélagi og stefnu stjórnvalda í jafnréttismálum.

ÚTGÁFA OG VEFSÍÐA

Miðlun upplýsinga- og fræðsla er stór hluti af starfi Jafnréttisstofu. Til þess að sinna því heldur stofan úti heimasíðu með fjölmörgum undirsíðum. Ýmis fræðslurit um jafnréttismál eru gefin út á hverju ári, ýmist á vegum Jafnréttisstofu eða í samstarfi við aðra. Hér eru upplýsingar um það helsta sem kom út á vegum Jafnréttisstofu á árinu.

JAFNRÉTTISSTOFA Á NETINU

Upplýsingar og fréttir eru birtar reglulega á vefsíðu Jafnréttisstofu www.jafnretti.is Markmið Jafnréttisstofu er að heimasíðan sé í senn fróðleg og lifandi. Á heimasíðunni er m.a. að finna safn af fræðsluefni, greinar og skýrslur um jafnréttismál, orðabók og viðburðadagatal með helstu viðburðum sem tengjast jafnréttismálum. Jafnréttisstofa gefur allt sitt efni út rafrænt og er efnið aðgengilegt á heimasíðunni. Heimasíða Jafnréttisstofu er einnig aðgengileg á ensku.

UNDIRSÍÐUR

Jafnréttisstofa starfrækir einnig nokkrar undirsíður tengdar ákveðnum verkefnum á vegum stofunnar. Helstar eru; kynningarsíða fyrir verkefnið *Karlar til ábyrgðar* www.karlartilabyrgdar.is, upplýsingarsíða fyrir þróunarverkefnið *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum* www.jafnrettiiskolum.is sem unnið var skólaárið 2008–2009, fræðslusíða fyrir Evrópuverkefnið *Samstíga* á slóðinni www.samstiga.is - www.hiðgullnajoknabarni.is sem er hluti af verkefni um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs sem lauk vorið 2013 og www.fjolfreyttforysta.is sem er ein afurð verkefnisins *Fjolfreytt forysta*. Einnig er Jafnréttisstofa með snjaldursíðu á slóðinni: <https://www.facebook.com/Jafnréttisstofa/?fref=ts>




GREINAR Á HEIMASÍÐU JAFNRÉTTISSTOFU

Árið 2016 birtust greinar um jafnréttismál um það bil mánaðarlega á heimasíðu Jafnréttisstofu. Greinarnar sem voru fjórtán talsins voru ýmist sérstaklega skrifaðar fyrir heimasíðuna, voru fyrirlestrar eða erindi, auk greina sem birst höfðu annars staðar. Höfundar greinanna aðrir en starfsmenn stofunnar voru Guðrún Jóhannsdóttir, formaður jafnréttisnefndar Kennarasambands Íslands, en innlegg hennar og jafnréttisnefndar KÍ, *Opið bréf til rektora háskólanna um kynjafræði- og jafnréttiskennslu* hafði áður birst á visir.is. Grein Ársæls Arnarsonar, prófessors í sálfræði við HA, *Alþjóðleg samburðarrannsókn sýnir að íslensk börn eiga best samskipti við feður sína* skrifaði hann að beiðni Jafnréttisstofu. Greinin *Konur í Evrópu og umheiminum* var inngangsræða Ruth Rubio-Marín prófessors á ráðstefnu European University Institute „State of the Union“ sem flutt var í Palazzo Vecchio í Flórens á Ítalíu þann 6. maí. Þýðingu á íslensku annaðist Ingunn Sigríður Árnadóttir, meistaranemi í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands. Greinin birtist fyrst í Fréttablaðinu þann 14. september.

Höfundar greinarinnar *Jafnréttismál á krossgötum-Er launamunur kynjanna náttúrulegumál?* voru formenn fimm íslenskra stéttarféлага þau: Alda Hrönn Jóhannsdóttir, formaður Stéttarfélags lögfræðinga, Bragi Skúlason, formaður Fræðagarðs, Hugu R. Hjaltadóttir, formaður Félags íslenskra félagsvísindamanna, Ragnheiður Bóasdóttir, formaður Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins, og Sigrún Guðnadóttir, formaður Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga. Greinin birtist fyrst í Fréttablaðinu þann 14. september. Grein Hildar Fjólu Antonsdóttur, doktorsnema *Frá jaðri nær miðju: Á að veita þolendum kynferðisbrota hlutaðild að sakamálu?* birtist áður í Stundinni þann 29. september. Grein Auðar Magneu Auðardóttur, *Hælsærið mitt* birtist áður í Stundinni þann 24. október. Greinin *Er launamunur kynjanna náttúrulegumál?* eftir áður nefnda fimm formenn stéttarféлага birtist í Fréttablaðinu 12. september. Grein Höllu Bergþóru Björnsdóttur, lögreglustjóra á Norðurlandi eystra, *Heimilisofbeldi* var skrifuð í tilefni af 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi. Grein Hönnu Bjargar Vilhjálmsdóttur, *Kennum kynjafræði!* birtist fyrst í Fréttablaðinu þann 1. desember.

KONUR OG KARLAR Á ÍSLANDI 2016

Frá árinu 2008 hefur Jafnréttisstofa árlega gefið út bæklinginn *Konur og Karlar á Íslandi*. Bæklingurinn er unnin í samstarfi við Hagstofu Íslands og velferðarráðuneytið. Í honum er að finna tölfræðiupplýsingar um stöðu kynjanna í íslensku samfélagi. Bæklingurinn er gefinn út bæði á íslensku og ensku. Undanfarin ár hefur bæklingurinn verið aðgengilegur á heimasíðu Jafnréttisstofu en hann hefur einnig verið hægt að nálgast á prenti hjá Jafnréttisstofu auk þess sem Jafnréttisstofa hefur sent ráðuneytum bæklinga og íslenskum sendiráðum og ræðismönnum Íslands erlendis.



DAGATAL 2016

Jafnréttisstofa og Jafnréttisráð gáfu út dagatal tileinkað 40 ára afmæli jafnréttislaga en það var árið 1976 sem lög um jafnstöðu kvenna og karla voru lögfest á Íslandi. Á dagatalinu er skemmtileg teikning eftir Þóreyju Mjallhvíti H. Ómarsdóttur sem sýnir hvernig ásýnd samfélagsins hefur breyst á þessum 40 árum sem eru liðin frá gildistöku laganna og vísar hún einnig til þess að enn er verk að vinna þegar kemur að jafnrétti kynjanna hérlandis. Dagatalið var sent öllum leik-, grunn-, og framhaldsskólum, öðrum menntastofnunum, sveitarfélögum, ráðuneytum o.fl.



GENDER EQUALITY IN ICELAND

Jafnréttisstofa gaf út endurbættan enskan bækling á árinu um jafnréttismál á Íslandi, helstu áfanga í jafnréttisbaráttunni og um stjórnarsýslu jafnréttismála hérlandis. Bæklingnum var dreift til ráðuneyta, á ráðstefnum erlendis og hérlandis þar sem erlendir gestir voru þátttakendur.



NORRÆNT SAMSTARF

Ísland er þátttakandi í samstarfi Norðurlanda á sviði jafnréttismála í gegnum Norrænu ráðherranefndina. Velferðarráðuneytið og Jafnréttisstofa koma að þessu samstarfi fyrir hönd Íslands. Samstarfið byggir á sameiginlegri framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum en í tengslum við framkvæmd hennar starfar embættismannanefndin „ÄK-JÄM“ sem hittist reglulega ásamt því að jafnréttisráðherrar landanna hittast árlega á fundi. Árið 2015 var samþykkt ný samstarfsáætlun undir yfirskriftinni: [Jafnrétti skapar sjálfbært samfélag - Norrænt samstarf um jafnréttismál 2015-2018](#).

SÉRFRÆÐINGAFUNDUR FÉLAGASAMTAKA OG STOFNANA Á NORÐURLÖNDUM UM OFBELDI Í NÁNUM SAMBÖNDUM

Dagana 14.-17. apríl sótti Tryggvi Hallgrímsson ráðstefnu sérfræðinga innan félagasamtaka og stofnana á Norðurlöndunum sem vinna að jafnréttismálum. Fundurinn var haldinn að frumkvæði Reform, samtaka um karla og jafnrétti í Noregi og fjallaði um leiðir til að vinna gegn ofbeldi í nánnum samböndum meðal ungs fólks og fór fram í Osló, Noregi.

Dagana 30. nóvember – 2. desember sótti Ingibjörg Elíasdóttir ráðstefnuna „Confronting Gendered Violence: Focus on Perpetrators“ sem haldin var í Helsinki í Finnlandi. Ingibjörg stýrði fjölmennri málstofu um „Social Frameworks and Support“. Ákveðið var að stofna norrænt netverk í framhaldi af ráðstefnunni og mun RIKK halda utan um það til að byrja með a.m.k.

SAMSTARF INNAN EVRÓPU OG Á ALÞJÓÐAVETTvangi

ESB / EFTA:

Jafnréttisstofa tekur þátt í samstarfi á evrópskum vettvangi. Fulltrúi Jafnréttisstofu á sæti í vinnuhópi EFTA um jafnréttis- og fjölskyldumál og áheyrnaraðild að ráðgjafanefnd ESB um jafnréttismál. EFTA nefndin heldur fundi tvisvar á ári yfirleitt í tengslum við fundi ráðgjafanefndar EU. Á þessum fundum er farið yfir þróun mála hvað varðar nýjar eða endurskoðaðar tilskipanir EU, formennskuáætlanir eru kynntar, skýrslur lagðar fram, og sagt frá því sem er að gerast í jafnréttismálum innan EU. Þessir fundir eru mjög fróðlegir og vekja t.d. athygli á nýju fræðsluefni, ýmist prentuðu eða sem myndböndum á netinu.